



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 7. apríl 2021



Fjórtaði fundur 63 stjórnar HSÍ var haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 7. apríl 2021 kl. 12.00.

Mættir voru Arnar Þorkelsson, Daði Hafþórsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Davíð B. Gíslason og Magnús Karl Daniélsson.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. A landslið kvenna
RG fór yfir ferð kvennalandsliðsins til Makedóníu þar sem liðið tók þátt í forkeppni fyrir HM. Liðið komst áfram þar í undankeppnina og mætir Slóveníu um aðra helgi heima og að heiman og er fyrri leikurinn í Slóveníu.
3. Ársreikningur HSÍ 2020 lagður til samþykktar
AP kynnti ársreikning HSÍ fyrir árið 2020. Hagnaður sambandsins var 53,4 milljónir og skýrist mikill hagnaðar aðallega af samdrætti í starfi og flutning verkefna milli ára en fyrirséð er að árið 2021 verði dýrara en öllu jafna ætti að vera. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.
4. Fjárhagsáætlun HSÍ 2021 lögð til samþykktar
RG kynnti fjárhagsáætlun HSÍ fyrir árið 2021. Reiknað er með örlitlum hagnaði á sambandinu 2021. Fjárhagsáætlunin var samþykkt.
5. Ársþing HSÍ
GBO kynnti með hvaða hætti framkvæmd ársþings væri í ár en þingið verður í fjarfundi í ár.
 - a. Tillögur að lagabreytingum
RG kynnti fyrir stjórn hvaða lagabreytingar liggja fyrir ársþingi HSÍ.
 - b. Tillaga að þátttökugjöldum tímabilið 2021-2022
RG kynnti tillögu að þátttökugjöldum fyrir næsta tímabil. Stjórn HSÍ leggur fyrir ársþing óbreytt þátttökugjöld milli ára.
 - c. Framboð á ársþingi
RG kynnti hvaða framboð liggja til stjórnar HSÍ
6. Formannafundur HSÍ vegna ársþings og mótahalds
GBO kynnti fyrir stjórn efni formannafundar á morgun en á fundinum verður rætt ársþing HSÍ og þær tillögur sem liggja fyrir ársþinginu og málefni mótahalds sökum covid 19.
7. Önnur mál
Stjórn HSÍ samþykkti skipun Eiríks Elí Þorlákssonar sem dómara til bráðabirgðar í áfrýjunardómstóls vegna vanhæfi varamanns í áfrýjunardómsól HSÍ



Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari